

Fundargerð 99. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 28. september 2015, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,
Fjóla Hrund Björnsdóttir,
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.
Sigrún Árnadóttir boðaði forföll.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Háskólavellir – frágangur samninga*

Framkvæmdastjóri fór yfir frágang samninga varðandi fjárhaglsega endurskipulagningu Háskólavalla. Afsöl fyrir eignum hafa verið gefin út.

3. *Verne lóðaleigusamningur – frágangur samninga*

Framkvæmdastjóri fór yfir frágang samninga við Verne vegna lóðarstækkunar og fasteignakaupa.

4. *Vatnsgjöld HS veitur – frágangur samninga*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn niðurstöðu samninga við HS veitur vegna vatnsgjalda. Stjórn samþykkti samningana.

5. *Keilir – beiðni um veðsetningu*

Keilir lagði inn erindi til stjórnar ÞK um veðleyfi vegna framkvæmdaláns. Stjórn samþykkti að heimila Keili að endurnýja lán sitt upp að allt að 75 milljónum króna og fól framkvæmdastjóra að ganga frá málinu.

6. *Tilboð í Seljubraut 645*

Tvö tilboð bárust í Seljubraut 645 sem lögð voru fyrir stjórn. Annars vegar tilboð frá Nálum og pinnum ehf. og hins vegar frá Fjallatindum ehf. Stjórn samþykkti að taka herra tilboðinu sem var frá Fjallatindum ehf.

SKK.
FHB

7. *Tilboð í Funatröð 3*

Tilboð barst í Funatröð 3 frá Sverri Sverrissyni ehf. sem lagt var fyrir stjórn. Stjórn hafnaði fyrirbyggjandi tilboði og fól framkvæmdastjóra að ræða frekar við tilboðsgjafa og gera gagntilboð.

8. *Tilboð í Bogatröð 25*

Tilboð barst í Bogatröð 25 frá Völundarhúsi ehf. sem lagt var fyrir stjórn. Stjórn hafnaði fyrirbyggjandi tilboði með þeim fyrirvörum sem settir voru fram í tilboðinu. Framkvæmdastjóra var falið að gera Völundarhúsi gagntilboð.

9. *Tilboð í byggingu 945*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð sem barst í Skógarbraut 945. Stjórn fól framkvæmdastjóra að taka saman upplýsingar um fyrirbyggjandi tilboð.

10. *Aerotropolis – dr. John Kasarda*

Framkvæmdastjóri fór yfir dagskrá vikunnar vegna heimsóknar dr. John Kasarda.

11. *Fundartími stjórnar.*


Rætt var um fundartíma stjórnar. Lagt til að fundir stjórnar séu haldnir þriðja fimmtudag hvers mánaðar.

12. *Önnur mál.*

Engin önnur mál voru rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.10

Stjórn fór eftir fund í heimsókn til gagnavers Verne á Ásbrú.



Fjola Hund Björnsd.